

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2004

frá 8. júní 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2004 frá 8. janúar 2004 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2005 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma ⁽³⁾ hefur verið felld inn í samninginn.
- 4) Með reglugerð (EB) nr. 1165/98 er felld úr gildi tilskipun ráðsins 78/166/EBE frá 13. febrúar 1978 ⁽⁴⁾, með áorðnum breytingum, sem hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ae (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 247/2003):

„18af. **32004 R 0029**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2004 frá 8. janúar 2004 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2005 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 57).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 57.

⁽³⁾ Stjtíð. EBL 162, 5.6.1998, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EBL 52, 23.1.1978, bls. 17.

2. Texti 4. liðar falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 29/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

S. Gillespie

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.